

05.03.2022

Hve langur er skuggi fortíðarinnar?

Hve langur er skuggi fortíðarinnar? Hvernig virkar minnið? Mörg svör eru til við þessum spurningum þótt við getum ekki verið viss um að neitt þeirra sé hundrað prósent rétt. Í rauninni spyrjum við minnið sjálf hvornig það virki. Minnið, jafnvel þegar það er viðmælandi, getur það vafið okkur um fingur sér án þess að nokkur illvilji búi að baki. Þegar ég var fertugur byrjaði ég að fá bakverki. Ég fór til læknis sem lét taka af mér röntgenmyndir. Þegar læknirinn skoðaði myndirnar sagði hann: „þú hefur orðið fyrir meiðslum á yngri árum!“ „Nei, það passar ekki“ sagði ég ákveðinn. Læknirinn gaumgæfði myndina þögull. Þá rifjaðist upp fyrir mér atvik frá því að ég var í sjöunda eða áttunda bekk. Við vorum í íþróttatíma úti á lóð og vorum að sveifla okkur á slám. Eftir nokkrar æfingar rann ég og datt kylliflatur á bakið. Ég lá á jörðinni og gerði mér grein fyrir að ég gat ekki hreyft mig, ég gat ekki náð stjórn á líkamanum. Einhver hallaði sér yfir mig, það var talað við mig, ég skildi að það var verið að spyrja að einhverju en ég heyrði ekkert. Ég sá, en ég gat ekkert gert. Fimmtán mínútur liðu, eða um það bil, og þá kom líkamsskynjunin aftur, ég reis varlega á fætur. Sat á grasinu. Mér var leyft að fara heim. Það var allt og sumt. „Já nú man ég það“ sagði ég við lækninn. Hann kinkaði kalli.

Það er sagt að fólk muni frekar það slæma sem það verður fyrir en það góða. Ekki ég. Ég man vel það sem hefur komið mér á óvart í lífinu, og veitt mér ánægju en það sem mér hefur mislíkað, eða valdið mér sársauka er gleymt, skilið eftir djúpt í brunni minnisins þar sem ekki er hægt að komast að því. Í þessu birtist eðlishvöt sjálfsvarðveislunnar, þótt hún starfi á þennan sérstaka hátt. Við verjum sálina fyrir vondum minningum og styðjum hana með góðum. Í minninu getum við upphafið fortíðina svo að hún fær jafnvel á sig dýrðarljóma söknuðarins. Þetta á alveg eins við um tíma sem eru verri en svo að við hefðum óskað versta óvini okkar að upplifa þá.

Ég er fæddur eftir Hungurdauðann – *Holodomor*; eftir seinni heimsstyrjöld, eftir Gúlagið eftir dauða Stalíns. Móðir mín er fædd 1931. Tíu ára gömul var hún flutt á brott austur í Úralfjöll ásamt móður sinni, ömmu minni, og eldri bræðrum sínum. Faðir hennar, afi minn, var sendur á vígstöðvarnar. Örlög hans voru að falla árið 1943 í grennd við Kharkiv og þar er hann grafinn.

Í lestunum sem flutti fólk á brott voru hræðilegar aðstæður og loftárásir tíðar. Loks komu þau á eyðilegan stað í Úralfjöllunum í þorp sem brottflutt úkraínskt sveitafólk hafði reist. Móðurinni og börnunum hennar þremur var komið fyrir úti í horni í einu herbergi hússins. Eigendunum var sagt að gefa aðkomufólkinu að borða en það eina sem þau fengu voru afgangar, stundum kartöfluflokkur sem amma gerði úr nokkurs konar súpu. Gráan velling. Börnin komust fljótt að því hvað hungur var. Óttinn við hungrið bjó með þeim og mömmu þeirra það sem eftir var. Alveg fram í andlátinu geymdi amma mín hvern brauðmola. Hún þurrkaði þá og setti í sérstaka léreftspoka sem bundið var fyrir. Þannig gat eitt sögulegt áfall, nauðungarflutningar, af sér annað, óttann við hungur. Amma Tasia, það hét amma mín, sagði mér frá því, þegar ég var í kominn í unglingskóla hvernig hún hafði upplifað hatursmorð á gyðingum. Hún sá kósakka elta uppi gyðing sem hafði lagt á flotta frá ofbeldisaðgerðunum og höggva hann í spað með bjúgsverðinu sínu.

Föðurafi minn, Don kósakki, kommúnisti og stalínisti talaði bara um stríðið og um dirfskuverk sovéskra hermanna. Hann talaði aldrei um skyldfólk okkar, sem líka voru kommúnistar, en hafði lent í Gúlaginu og eytt tuttugu árum í fangabúðum. Slíkar sögur heyrði ég bara eftir að afi minn dó árið 1980. Þá kom í ljós að mér hafði verið hlíft við

hættulegri fortíð. Mamma og pabbi vissu vel um skyldfólk okkar sem hafði verið ofsótt en töluðu aldrei um það við mig.

Það vildi svo til, eftir að afi minn dó, þökk sé bróður mínum, að ég komst yfir hina bönnuðu bók Solzhenitsyns, Gúlag eyjaklasann. Ég gleypiti hana í mig, vitandi að tvö skyldmenni mín voru send í þetta Gúlag. Ég fylltist óstjórnlegri löngun til að komast að hinu sanna eftir að ég lauk við bókina, að kynnast rétttri sögu Sovétríkjanna, ekki þeirri sem manni var kennd í skóla eða háskólanum. Ég byrjaði að ferðast um Sovétríkin, stundum með lestum, stundum með því að húkka far hjá flutningabílstjórum. Ég var meira að segja á flutningabátunum í Vologda héraði norðaustur af Leníngrad. Á ferðum mínum leitaði ég uppi fólk á eftirlaunaaldri sem sem hafði starfað innan sovéska kerfisins. Mig langaði til að taka viðtöl við þetta fólk um fortíð þess og hvaða hlutverk það hefði leikið. Ég tók upp sumar samræðurnar við þá sem féllust á að tala við mig. Þegar ég hlustaði á þau, leið mér stundum eins og ég hefði komið við brennheita eldavél með berum fingrinum.

Einn þeirra sem féllst á að tala við mig var Alexander Petrovitsj Smurnov. Ég fann hann á Krím, rétt hjá bænum Sudak þar sem hann varði kyrrlátum ellidögum. Á fjórða áratugnum sem nú var fjarlæg fortíð hafði hann verið hluti af dómarabrenningu sem dæmdi fólk án réttarhalds. Hann talaði opinskátt um hvernig hann hefði sett undirskrift sína á aftökuskipanir fólks sem sem hann vissi í rauninni ekkert um. Þegar ég spurði hann um hve marga dauðadóma hann hefði undirritað svarðai hann, „kannski þrjú þúsund, hugsanlega meira“. Þessi maður óttaðist ekki að rifja upp fyrir mig það sem hann hafði gert. Hann var fullviss um sakleysi sitt. Hann minntist æsku sinnar með hlýju og ákafanum sem hinn sovéski málstaður hafði fyllt hann og hvað hann hataði Khrusjov. Hann var ekkert líkur afa mínum eða nokkrum öðrum sem ég þekkti á sama aldri. En á einhvern hátt var hann greinilega dæmigerður fulltrúi síns tíma.

Þegar ég fylgdist með móður minni og ömmu á mínum yngri árum komst ég ekki hjá því að taka eftir tengslunum á milli reynslu þeirra af hungri þegar þær voru brottfluttar í seinni heimstyrjöld og venjum þeirra og hegðun miklu seinna, á áttunda áratugnum. Það er ekki víst að ég hafi á þeim tíma vitað margt um sögulegt minni eða söguleg áföll, en ég gat séð afleiðingarnar. Þetta skil ég miklu betur nú. Þegar ég var krakki skildi ég ekki enn að viðmót sveitafólksins gagnvart þeim brottfluttu, þar á meðal gagnvart móður minni og fjölskyldu hennar, stafaði af öðru sögulegu áfalli, sem það hafði mátt þola í nauðungarflutningum fólks frá Úkraínu.

Sovétríkjunum tókst að þurrka slíkar minningar úr hugum flestra afkomenda Úkraínufólks sem hafði verið flutt til Úralfjallanna og Síberíu. Í dag eru afkomendurnir þjóðhollir rússneskir borgarar og styðja þann sem ríkinu ræður að öllu eða mestu leyti. Þeir hafa ekki og munu ekki krefjast afsökunarbeiðni hinu opinbera, eða bóta – frá ríkinu sem er arftaki Sovétríkjanna, vegna þjáninganna sem forfeður þeirra þurftu að þola af hálfu sovéska kerfisins. Þótt þeir geti að vísu sagt sögur heima hjá fjölskyldum sínum hafa þeir sameiginlega ýtt fortíðinni burtu. Þegar ég fylgist með atburðum líðandi stundar fæ ég á tilfinninguna að jafnvel þótt nauðungarflutningarnir miklu séu nú gleymdir, endurtaki þeir sig samt sem áður.

Krímtatarar vita meira um merkingu þessa hræðilega orðs en flestir aðrir. Aðgerðin sem snerist um að flytja alla Krímtatara frá Krím hófst klukkan fjögur að morgni 18. maí 1944 og henni lauk klukkan fjögur síðdegis 20. maí 1944. Yfir 32000 NKVD-liðar voru láttnir sjá um verkið. Þeir sem áttu að sæta nauðungarflutningi fengu nokkrar mínútur, allt að hálf tíma til að hafa sig til og því næst var fólkið flutt á flutningabíl til járnbrúatarstöðvanna. Þaðan fluttu

lestir það á útleðarstaði sína. Sjónarvottar segja að þeir sem sýndu mótþróa eða gátu ekki gengið hafi í sumum tilfellum verið skotnir á staðnum.

Friðsamleg barátta nauðungarfluttra Krímtatara fyrir því að snúa til heimalands síns á Krím stóð í næstum fimmtíu ár og endaði með sigri. 1987 og 1989 var Krímtöturum veitt uppreisn og langt ferli heimflutninga hófst. Sögulegt minni þeirra var meginaflvaki þessa ferlis. Í því fólst ekki einungis að Krímtatarar sneru raunverulega, í eigin persónu aftur á Krímskaga, heldur einnig endurreisn lífstíls þeirra í þorpunum og bæjunum sem hinir brottfluttu sneru aftur til frá hinum ýmsu svæðum þess sem þá voru Sovétríkin. Þótt tatararnir sneru aftur til allt annars staðar en þess sem þeir höfðu farið frá, byrjuðu þeir fljótt að lífga við þann Krímskaga sem minni þeirra þekkti, siði sína og venjur, þann lífsstíl sem hafði verið við lýði í margar aldir fyrir nauðungarflutningana.

Á þessum nýju tímum sjáum við söguna endurtaka sig. Vorið 1944 hafði Moskva látið flytja heila þjóð nauðuga með hervaldi. Sjötíu árum síðar, 2014, líka að vorlagi og sömuleiðis með hervaldi innlimaði Moskva allan Krímskagann, sem þá var hluti Úkraínu. Innlimunin náði til allra þeirra Krímtatara sem höfðu snúið heim eftir næstum hálfri aldar nauðungarútleð. Í apríl 2014, strax og innlimunin var um garð gengin undirritaði Vladimir Pútín forseti, tilskipun númer 268: „Um aðgerðir til að veita fólki af armensku, búlgörsku, grísku, ítölsku, krímtatörsku og þýsku þjóðerni stuðning ríkisins til menningarlegrar endurreisnar og þróunar“. Í tilskipuninni er harmleikur Krímtatara endurskilgreindur með þrýðilega Orwellskum hætti, eða með öðrum orðum, settur skör neðar en áður. Það er þess virði að vitna stuttlega í tilskipunina sem telur upp í stafrófsröð þjóðirnar sem urðu fyrir barðinu á ofsóknum Stalíns:

Í því skyni að stuðla að sögulegu réttætti og vinna gegn afleiðingum ólöglegra nauðungarflutninga Armena, Búlgara, Grikkja, Ítala, Krímtatara og Þjóðverja af svæði sovéska sjálfstjórnarlýðveldisins á Krím, og bæta fyrir önnur brot sem gegn þeim voru framin er lýst yfir eftirfarandi (breytt með Tilskipun Forseta Rússneska Sambandsins No. 458, 12. september 2015)

1. Ríkisstjórn Rússneska sambandsins mun ásamt yfirvöldum í Lýðveldinu Krím og Sevastopol-borg:
 - a. Beita aðgerðum sem miða að því að sögulegu réttlætti verði fullnægt með pólitískri, félagslegri og andlegri endurfæðingu fólks af armensku, búlgörsku, grísku, ítölsku, krímtatörsku og þýsku þjóðerni sem var beitt ólöglegum nauðungarflutningum og pólitískum ofsóknum vegna þjóðernis eða annars.
 - b. Stuðla að þróun þjóðlegs og menningarlegs sjálfræðis m.a. í formi frjálsrar félag- og samtakamyndunar almennings af armensku, búlgörsku, grísku, ítölsku, krímtatörsku og þýsku þjóðerni, sem eru rússneskir ríkisborgarar, búsettir í Lýðveldinu Krím og Sevastopol-borg. Styðja við og efla almenna grunnmenntun í tungum þessara þjóða, hefðbundnar framleiðslugreinar og lífshætti og auðvelda með öðrum hætti frekari félagslega og efnahagslega þróun meðal fólks af armensku, búlgörsku, grísku, ítölsku, krímtatörsku og þýsku þjóðerni,
2. Þessi tilskipun öðlast þegar gildi birtingu hennar.

Forseti Rússneska sambandsins, V. Putin

Moskvu, Kreml
21. apríl, 2014
No. 268

Það er þýðingarlaust að hafa frekari orð um tilskipun sem vísar til meintra nauðungarflutninga fólks af ítölsku og þýsku þjóðerni auk Krímtatara, ekki einstaklinga. Hún er ekkert annað en pólitískur súrrealismi af verstu gerð. Ég veit fyrir víst að fólk af ítölsku,

búlgörsku, þýsku og öðru þjóðerni sem nefnt er í tilskipuninni sætir engum ofsóknum, á meðan að Krímtatarar búa við ofsóknir á þessari stundu. Sumum er ekki leyft að koma til heimalands síns, fólk er bannað að koma á eigin heimili, bannað að hitta fjölskyldur sínar. Þessum ofsóknum er beitt fyrir opnum tjöldum í þeim tilgangi að kljúfa þjóðina og skilja þann hóp Krímtatara sem er tilbúinn til að vinna með Rússlandi frá þeim sem eru ekki tilbúnir til þess. Sá hópur er til sem vill vinna með Rússlandi og þótt hann sé ekki stór, vinnur áróðursmaskína Kremlar að því að stækka hóp samverkamanna og beitir þá sálfræðilegum þrýstingi sem leyfa sér að mæla gegn innlimuninni.

Það væri hentugast fyrir Rússland að Krímtatarar gleymdu nauðungarflutningunum og losuðu sig við hina erfiðu byrði sögulegs minnis, sem mótar hegðunarmynstur þeirra og breytni og eflir vilja þeirra til að halda áfram baráttunni fyrir heiðri sínum og forfeðra sinna. Rússnesk yfirvöld skilja að sögulegt minni Krímtatara er miklu sterkara en sögulegt minni Rússa. Í gömlu Sovétríkjunum var búið að sníða sögulegt minni Rússa að hugmyndinni um „minni hinna hetjulegu sigurvegara“. Sú formúla hefur verið hafin upp í nýjar hæðir fáránleikans Rússlandi eftir endalok Sovétríkjanna. Sigurvegarinn er heiðraður – jafnvel þegar í raun hefur hann tapað. „Heiður sigurvegarans“ skapar viðhorf hroka og yfirlætis gagnvart „hinum sigruðu“, það er, þeim sem bera með sér, í reynslu einstaklinga eða hópa, sögulegt áfall. Rússneska þjóðin hefur verið svipt sögulegum áverkum sínum og þar með frelsuð undan áhyggjum að ranglæti fortíðarinnar. Búið er að gleyma fórnarlömbum Gúlagsins, meira en tuttugu milljónum, og þess vegna eru Gúlagið og ofsóknir Stalíns ekki sögulegt áfallrússnesku þjóðarinnar. Slík áföll hafa ekki breytt heimsmynd og viðhorfum rússnesku þjóðarinnar og ekki heldur sjálfsmynd hennar.

Þegar nauðsyn krefur og ekkert annað kemur til greina viðurkennir Rússland áföll annarra þjóða, en einungis þegar það gagnast rússnesku ríkisvaldi til að ná til sín landssvæðum og þjóna geópólítískum hagsmunum sínum.

Fyrsti minnisvarðinn um fórnarlömb nauðungarflutninga Krímtatara var reistur í Súdak árið 1994. 18. maí 2016 tveimur árum eftir rússnesku innlimunina opnuðu rússnesk yfirvöld minningarsafn rétt hjá Suren járbrautarstöðinni sem var tileinkaður fórnarlömbum nauðungarflutninga frá Bakhtsjysirai héraði á Krím. Á sama tíma og safnið var opnað gaf Seðlabanki Úkraínu út minningarpening úr silfri, 10 hrivnur, „til minningar um þjóðarmorð á Krímtatörum“. Þetta stríð, sem háð er með minningarpeningum og minnisvörðum, mun halda áfram sem barátta fyrir sögulegum sannleika og sögulegu minni.

Tatarar eru ekki einir. Fjórtán árum fyrir nauðungarflutninga Krímtatara, á árunum 1930-31 voru 1,8 milljónir bændafólks reknar frá Úkraínu og opinbera skýringin var sú að þetta fólk væri andsnúið samyrkjuvæðingu búskapar. Í Gúlagskjölum koma þessar tölur fram undir fyrirsögninni „Sérstök búsetuskipti“. 75 þúsund Úkraínnumenn til viðbótar voru reknir frá Vestur-Úkraínu til austurhéraða Sovétríkjanna árið 1947 í því sem kallað var „Vestur aðgerðin“. Þetta voru fjölskyldur þeirra sem haldið höfðu áfram að berjast gegn sovéskum yfirráðum eða stutt þá, og einnig fólk sem þorpsleiðtogar töldu einfaldlega „óáreiðanlegt“ á þeim tíma.

Eigi réttlæti nokkurn tímann eftir að ná fram að ganga, jafnvel þótt ekki sé nema formlega, þarf sögulegt áfall þessara nauðungarflutninga og búsetuskipta með valdi að eignast hlut í lífum afkomenda hinna nauðungarfluttu Úkraínnumanna. Samt hafa engar tilskipanir um endurreisn þeirra verið samþykktar hvorki á meðan Sovétríkin voru við lýði né síðar í sjálfstæðri Úkraínu. Sovésk lög um uppreisn fórnarlamba pólitískra ofsókna voru sett 17. apríl 1991. Úkraínsk löggjöf var á þeim tíma í fullu samræmi við sovéska löggjöf. Úkraína

hafði engar reglur sem eingöngu giltu um hana. Lögin frá 1991 eiga við tímabilið frá 1917 og taka til

[F]ólks sem á þessum tíma var sakfelld án tilefnis af úkraínskum dósmtólum eða sætti ofsóknum af einhverju tagi innan lýðveldisins af öðrum stofnunum ríkisins, þar með töldum sviptingu lífs eða frelsis, var neytt til að breyta búsetu, rekið á brott úr heimahögum, sent í útleið út fyrir landamörk lýðveldisins, svipt ríkisborgararétti, nauðungarvistað á sjúkrahöfnum eða sætti öðrum takmörkunum borgararéttinda vegna pólitískra skoðana, þjóðernis, trúarbragða, félagslegrar stöðu eða stéttar.

Í maí árið 2018 tók endurbætt útgáfa þessara laga gildi þótt listi yfir þá sem lögin næðu til væri óbreyttur. Þetta þýðir að milljónir fórnarlamba nauðungarbúsetuskipta hafa engar sérstakar lagalegar leiðir til að sækja sín mál. Þessi gloppa sýnir hvernig þeir sem með löggjafarvaldið fara, vilja forðast að trugla söguna með því að minna fórnarlömbin og afkomendur þeirra á glæpina sem framdir voru gagnvart þeim og fjölskyldum þeirra. Þeir vilja fletta yfir þessa áfallasögu, setja táknrænan punkt aftan við hana.

Í Litháen virðist afstaðan til nauðungarflutninga og búsetuskipta borgara landsins vera allt önnur. Sögulegt minni harmleiksins í júní 1941 og aftur í maí 1948 er mjög mikilvægt sem hluti af litháiskri sjálfsmynd og í því hvernig samstaða hefur myndast um sameiginleg gildi, sérstaklega frelsi þjóðarinnar og sjálfstætt litháískt ríki.

Í júní 1941 voru næstum allir sem einhvers máttu sín í stjórnámálum, menningarlífi og vísindastarfi í Litháen handteknir og sendir í flutningalestum til búða nærri bænum Starobelsk sem er innan marka þess sem nú er Luhansk hérað í Úkraínu. Þaðan var fólkíð sent í flutningalestum til norðurhluta Úralfjalla og þaðan með fljótapramma í N.K.V.D. búðirnar í þorpinu Gary. Í sovéska Gúlaginu í Gary voru bæði ráðherrar úr ríkisstjórn Litháíska lýðveldisins, menn á borð við Pranas Dovidaitis, Valdymaras Vytautas Charnyatkis, Piatras Aravicius, Antanas Endziulaitis, Kazis Yokantas, Juozas Papyachkis, Igmas Pranas Starkus og Jonas Sutkus ásamt þúsundum annarra, þar á meðal foringjum í hernum, embættismönnum, stúdentum og stjórnámálamönnum.

Opinberlega hét þetta „aðgerðir til að hreinsa hin sósíalísku sovétlýðveldi Litháens, Lettlands og Eistlands af andsovéskum, glæpsamlegum og félagslega hættulegum öflum“. Það er áhugavert að í skjalinu frá 16. maí 1941 nefnir Miðstjórns Alrússneska Kommúnistaflokks (bolsjevíka) – eins og flokkurinn hét þá – aðeins á Litháen. Lettlandi og Eistlandi var bætt við skjalið með handskrifuðum texta rétt áður en það var undirritað.

Þegar þjóð er svipt forystusveit sinni getur það ekki haft annað í för með sér en sögulegt áfall. Fólk drekkur í sig óttann, hann undirstrikar hverfulleika lífsins fyrir hverja venjulega manneskju.

Í maí 1948 ári eftir „Vestur aðgerðina“ í Vestur Úkraínu, hófst „Vor aðgerðin“ í Litháen. Á tveimur dögum fluttu sovéskar ofsóknastofnanir 40 þúsund manns til Síberíu. Í þessum hópi var mikið af konum og börnum. Þetta voru mestu brottflutningar íbúa frá Litháen. Sovéska öryggismálaráðuneytið gekk hratt og rösklega til verks. Það þurfti að hafa hraðann á. Æðstu yfirvöld kröfðust þess að „lýðveldið væri hreinsað“ af andsovéskum öflum. Þar á meðal var andspyrnufólk, rétt eins og efnað bændafólk sem lét ekki skipa sér að koma á fót samyrkjubúum. Í Síberíu sjálfri var mikill skortur á vinnuafli, og því þá ekki að senda vinnusama Litháa þangað? En helsti tilgangur aðgerðarinnar var þó að hræða almenning sem hafði gert sitt besta til að sniðganga sovéskar umbætur á sviði hugmyndafræði og efnahagsmála. Markmiðinu var náð að mestu: Óttinn tók sér bólfestu í sálum fólks næstu áratugi. „Þúsundum var rutt úr vegi, ekki aðeins í beinum líkamlegum skilningi heldur var framtíð fólks eyðilögð“ bendir sagnfræðingurinn Arvydas Anushausas á. Skjalasöfnin í

Moskvu geyma áætlanir og kort um nauðungarflutningana frá því fyrir sjötíu árum en þau eru enn bundin skjalaleynd og enginn getur því rannsakað þau.

Þessir nauðungarflutningar, sérstaklega þeir síðustu, sem framkvæmdir voru 1948 eru í vissum skilningi enn lifandi, eins og opið sár. Þegar Litháar sneru til baka frá Síberíu eftir að hafa hafst við í ómenskum aðstæðum árum saman, stofnuðu þeir samtök nauðungarfluttra og söfnuðu margvíslegum skriflegum gögnum sem báru glæpum Sovétrstjórnarinnar vitni. Ég hitti nokkra félagar í slíkum samtökum í Anikschi í austur Litháen. Þau telja minnið mikilvægasta verkfærið sem nota megi til að koma í veg fyrir að slíkir glæpir gegn þjóðinni geti endurtekið sig. En ekki allir eru sammála því að það sé æskilegt að halda minningunni um þessa harmleiki lifandi. Önnur kenning setur „meðvitaða gleymsku“ í öndvegi og mælir með því að láta hörmungar falla í gleymskunnar dá þar sem ekkert gagn sé í að minnast þeirra. Þessi kenning er lítið rædd opinberlega en henni er mjög haldið á lofti í Rússlandi og með miklum árangri. Glæpir sovétkerfisins gegn eigin þjóð og öðrum þjóðum eru gerðir veigaminni eða jafnvel látnir gleymast að fullu og öllu. Sagnfræðingar starfa hlið við hlið að því að skipta út hugtökum. Nota „flutninga á lokuð svæði“ í stað „nauðungarflutninga“ og leita einnig leiða til að gera sem minnst úr slíkum harmleikjum.

Stuðningsmenn þess að beita „meðvitaðri gleymsku“ sem verkfæri til að koma á friðsamlegri sambúð fyrrverandi fórnarlamba og fyrriverandi glæpamanna fyrirfinnast allsstaðar, ekki aðeins í Rússlandi dagsins í dag. Ágreiningurinn á milli „gleymum því“ sjónarmiðsins og þeirra sem vilja berjast gegn meðvitaðri gleymni heldur áfram og mun halda áfram allsstaðar þar sem glæpir hafa verið framdir gegn milljónum manna, gegn heilu þjóðunum, gegn mannkyni. Það er ekki að undra að hroðalegustu ofsóknirnar eru kallaðar „glæpir gegn mannkyni“. Þetta hugtak gefur sjálft til kynna að í raun er útilokað að láta slíka glæpi gleymast.

Sú staðreynd að glæpir Gúlagsins eru ekki sögulegt áfall fyrir Rússland í dag, þrátt fyrir mikla viðleitni félagar í Memorial samtökunum og annarra lýðræðisaflla, sannar að Rússland er ekki búíð að ná sér af fortíðinni og að það þjáist enn af hliðstæðu Stokkhólmsheilkennisins, að stalínísk fortíð heldur Rússneska sambandinu enn í gíslingu. Það er eins og þar vilji fólk frekar lynda við pyntingameistarann sem það þekkir en þann sem það þekkir ekki. Það er hræddara við ímyndaða, óþekhta, útlenda pyntingameistara, þá sem kynnu að ráðast á það, njóti það ekki verndar hinna sem það þó þekkir.

Sú staðreynd að Úkraína gerir sér grein fyrir harmleik Hungurdauðans en ýtir þó hinum harmleiknum, harmleik milljóna nauðungarfluttra bænda, út á jaðarinn, gefur sennilega til kynna að jafnvel þjóð sem varðveitir vitund um sögulegt áfall, að minnsta að kosti hluti hennar, þarf samt að nota síu til að vernda þann sem orðið hefur fyrir áfallinu frá því að fá af stóran skammt af neikvæðri reynslu fortíðar.

Það er óhjákvæmilegt að sögulegir áverkar hafi áhrif á þjóðlega sjálfsmynd. Þeir geta haft jákvæð og sameinandi áhrif en ef þeir verða til þess að fórnarlambið er fast í stöðugri mótspyrnu, geta áhrif slíkra sögulegra áverka verið afar neikvæð. Aleida Assman, sem er vel þekktur sérfræðingur um söguleg áföll segir í bók sinni *Langur skuggi fortíðar*:

Minnismening og stjórnsmál sögunnar:

Sjálfsmyndarstefna sem byggir á tungutaki fórnarinnar verður hluti vandans frekar en lausn. Með öðrum orðum verður hún hluti áfallastreituröskunarinnar ekki viðleitni til að sigrast á henni. Yehuda Elkana lýsti með sannfærandi hætti lönguninni, til að byggja ísraelska sjálfsmynd eingöngu á fórnarreynslu helfararinnar um leið og mikilvæg menningarleg gildi eru falin og kreist út úr meðvitundinni. Hann heldur því ekki fram að rétt sé að gleyma helförinni, en hann andæfir því að helförin fá stöðu sem miðöxull þjóðlegrar sjálfsmyndar.

Andrei Kúrkov, *Diary of an Invasion*. London og Sidney: Mountain Leopard Press, 2022.

Þegar sálfræðingur vinnur með manneskju sem hefur upplifað áfall leitar hann leiða til að hjálpa fórnarlambinu, þeim sem ber áfallið, við draga fram þjáningu sína. Þeir sem lifa af harmleiki þurfa að tala til að koma í veg fyrir að harmleikurinn sem þeir hafa gengið í gegnum haldi áfram að stýra athöfnum þeirra og hugsunum. Að tala er ekki leiðin til að gleyma, heldur leið til að muna á uppbyggilegan hátt, að gera afleiðingar harmleiksins að arfleifð eigin sögu og menningar. Það er þessi menning sem hjálpar okkur skilja harmleik og takast á við raunveruleika sögulegs áfalls. Amma mín heilaði sjálfa sig af sárum sínum úr stríðinu með því að gera þessa litlu poka með þurrkuðu brauði. Mér lánaðist að verða vitni að því og læra af því.

Í fyrndinni voru sögulegir harmleikir efniviður alþýðusöngva og frásagna og fluttust þannig milli kynslóða. Mjög oft er sögulegum sannleika og sögulegum áföllum skilað til fólks með listaverkum, í bókmenntum og kvikmyndum. Því öflugri sem þessir miðlar eru, þeim mun lengur lifa verkin með fólki og á endanum blandast þau bestu inn í menningarlegt safn sögulegrar reynslu. Tugir, ef ekki hundruð milljóna sáu kvikmyndina „Schindler’s List“. Milljónir sáu „The Killing Fields“ um þjóðarmorðið í Kambódíu. Ég vona að milljónir manna um allan heim muni sjá mynd Agnieszku Holland „Mr. Jones“, mynd um Hungurdauðann í Úkraínu og viljaleysi hins siðmenntaða heims á fjórða áratugnum til að sjá og viðurkenna sannleikann um það sem var að gerast í Sovétríkjunum.

Ég vona að einhvern daginn geri úkraínskir kvikmyndaleikstjórar mynd eftir skáldsögu Vasyls Barka „Guli prinsinn“. Bókin er um atburði í úkraínsku þorpi á fjórða áratugnum, á meðan á nauðungarflutningum úkríansks bændafólks stóð og um örlög þeirra sem þannig voru rekin burtu. Slík mynd er alveg nauðsynleg bæði til að styðja við sögulegt minni og til að hjálpa okkur að skilja betur grunngildi okkar sem úkraínskrar þjóðar.

Jón Ólafsson þýddi